

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Þingvallahreppi. Aðkoma að þjóðgarði í landi Brúsastaða og Svartagils.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti hreppsnefnd Þingvallahrepps þann 18. júní 1999 deiliskipulag fyrir aðkomu að þjóðgarði í landi Brúsastaða og Svartagils. Markmið með deiliskipulaginu er að leysa vandamál varðandi aðkomu að þjóðgarðinum vegna kristnitökuháttíðar árið 2000, ásamt því að bæta aðkomu og aðstöðu ferðamana við Hakið.

Greinargerð og uppdættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þingvallahreppi, 3. nóvember 1999.

F.h. hreppsnefndar Þingvallahrepps,

Ragnar Jónsson oddviti.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

1. gr.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing er á Ísafirði. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum ásamt eignum. Stofnunin er ekki háð neinum lögaðilum.

2. gr.

Stofnendur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða verða þeir sem því til staðfestingar undirrita þessa stofnskrá.

3. gr.

Stofnendur leggja fram sameiginlega 500 þúsund króna stofnframlag til Fræðslumiðstöðvarinnar, sem skal vera óskerðanlegur höfuðstóll og ávaxtað með tryggilegum hætti. Fjárhagslegar skuldbindingar miðstöðvarinnar umfram stofnframlag eru stofnendum óviðkomandi.

4. gr.

Markmið Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða er að efla menntun á Vestfjörðum og þá einkum að standa fyrir fræðslustarfsemi sem ekki heyrir undir námskrárbundið nám á grunn- og framhaldsskólastigi, nema sérstaklega verði um það samið. Í þessu sambandi skulu þarfir atvinnulífs í dreifðum byggðum sérstaklega hafðar í huga. Fræðslumiðstöðin hafi forgöngu um fræðslu á háskólastigi og fjarkennslu á sem flestum sviðum. Kennsluhættir miðist við mismunandi aldurshópa.

5. gr.

Við Fræðslumiðstöðina skal starfrækja fulltrúaráð, skipað einum fulltrúa frá hverjum eignaraðila og einum til vara. Fulltrúaráðið er æðsta stjórn miðstöðvarinnar og skiptir með